

## Drottningarbrautarreit, breyting á deiliskipulagi - Athugasemdir og svör

Nafn	Athugasemd	Svar
Vegagerðin	Bent er á fyrri ábendingar varðandi fjarlægð tenginga inn á Austurbrú og þörf á vegriðum við bílastæði sem liggja upp að Drottningarbraut.	Haft verður samráð við Vegagerðina um mögulegar útfærslur á vegriði meðfram Drottningarbraut.
Norðurorka (NO)	<p>1. Ekki liggur fyrir hvernig fráveitu verði háttað en gera þarf ráð fyrir að dæla þurfi upp úr bílakjöllurum.</p> <p>2. Rafveita var lögð í samræmi eldra skipulag og verði sótt um stærri heimtaugar eru líkur á að NO þurfi að leggja nýja strengi. Þá má gera ráð fyrir að setja þurfi götuskápa innan lóðar auk þess að tengja koparvír inn á eldra kerfi.</p> <p>3. Hita- og vatnsveita eru til staðar skv. fyrra skipulagi.</p> <p>4. Áréttað að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga</p>	<p>1-3 Haft verður náíð samráð við Norðurorku um útfærslu allra veitna sem tengjast uppbyggingu á svæðinu.</p> <p>4. Farið verður eftir ákvæðum <i>Reglna um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar</i>.</p>
Minjastofnun	<p>1. Gerð er athugasemd við hæð nýbygginga og að eðlilegt væri að miða hámarkshæð við hæð þeirrar byggðar sem fyrir er, bæði eldri við Hafnarstræti og nýrri við Austurbrú.</p> <p>2. Gerð er athugasemd við breyttan byggingarreit við Hafnarstræti 82, þ.e. að gert sé ráð fyrir viðbyggingu sunnan við hús en ekki norðan megin við það eins og í gildandi deiliskipulagi.</p>	<p>1. Að mati skipulagsráð fellur fyrirhuguð uppbygging vel að þeirri byggð sem fyrir er þó svo að hún sé nokkuð hærri en önnur hús á svæðinu.</p> <p>2. Að mati Akureyrarbæjar passar það betur inn í byggðamynstur svæðisins að gera ráð fyrir viðbyggingu sunnan við Hafnarstræti 82 þar sem þá skapast rými fyrir almenning með góða sjónræna tenginu við Sigurhæðir og Akureyrarkirkju. Þá er gert ráð fyrir að viðbygging verði í samræmi við útlit og form núverandi húss. Í skilmála hefur verið bætt að forsenda uppbyggingar á Hafnarstræti 82 sé að fyrir liggja leyfi Minjastofnunar.</p>